



Minnisblað

Til: Borgarstjóra.

Frá: Áhættumatsdeild fjármálaskrifstofu

Efni: Möguleg áhrif af gjaldþroti WOW Air á rekstur Reykjavíkurborgar

Óvissa í efnahagsmálum hefur verið mikil um nokkurt skeið vegna væntinga um samdrátt í ferðaþjónustu og kostnaðarsama kjarasamninga. Nýlegar fréttir af gjaldþroti WOW air gera það að verkum að horfur í efnahagsmálum og rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar hafa versnað. Hins vegar hefur dregið úr óvissu og væntingum um miklar launahækkunar vegna Lífskjarasamninganna 2019-2023 milli SA og stéttarféлага sem undirritaðir voru 3. apríl sl.

Í þessu minnisblaði er skoðuð sviðsmynd af efnahagslegum áhrifum falls WOW air og áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar. Í haust vann starfshópur¹ á vegum stjórnvalda sviðsmynd um möguleg áhrif af falli WOW Air og nýlega hafa ráðgjafafyrirtækið Reykjavík Economics² og Arion banki³ unnið sambærilega greiningu. Að auki hefur matsfyrirtækið Moody's sent frá sér minnisblað um sama efni⁴ en þeirra greining er heldur bjartari en innlendu greiningaraðilanna. Forsendur sviðsmyndarinnar taka tillit til mats þessara aðila á efnahagslegum áhrifum af falli WOW Air sem birst hefur í fjölmiðlum. Í sviðsmyndinni er miðað við eins konar versta mögulega tilvik greininganna og metin eru afleidd áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar yfir 5 ára áætlunartímabilið 2019-2023.

FJÁRHAGSÁÆTLUN OG NÆMNI FYRIR BREYTINGUM Á FORSENDUM

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er háð fjölmörgum forsendum um þróun ýmissa ytri þátta sem byggjast í meginatriðum á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands. Ákveðnir þættir í rekstri og sjóðstreymi eru næmari en aðrir fyrir frávikum í þessum forsendum en taflan hér að neðan sýnir næmni helstu þátta fyrir 1%-stigs hækkun frá grunnforsendum áætlunarinnar. Formerki tákna áhrif á rekstur eða sjóðstreymi og fjárhæðir eru í m.kr. Metin er næmni fyrir jákvæðu fráviki frá forsendum en formerkin snúast við ef frávikið er neikvætt.

¹ Samkvæmt frétt Fréttablaðsins, 10. október 2018: <https://www.frettbladid.is/markadurinn/fall-wow-air-gaetti-3-prosenta-samdratt/>. Skýrsla starfshópsins hefur ekki verið birt opinberlega.

² Samkvæmt frétt Fréttablaðsins, 22. mars 2019: <https://www.frettbladid.is/markadurinn/gaeti-leitt-til-allt-a-2-7-prosenta-samdratt/>. Skýrsla hefur ekki veirð birt opinberlega.

³ Samkvæmt frétt Viðskiptablaðsins, 28. mars 2019: <http://www.vb.is/frettir/kreppa-blasir-vid-eftir-fall-wow/153559/>

⁴ Minnisblað Moody's má nálgast hér: <https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/5591725e-2ca1-4520-8ec3-109d9307be3f>

Næmni (+1%-stig frá grunnforsendum)	Launþr. alm.	Launþr. opinb.	Vinnumagn	VNV	HFF34 krafa
Útsvar	445	200	645	45	
Launakostnaður		-650			
Annar rekstrarkostnaður				-100	
Fjárhagsaðstoð				-20	
Sérst. húsnæðisstuðn.				-10	
Lífeyrisskuldbinding		-1.040		730	1.690
Fjármagnsliðir rekstur				-290	
Fjármagnsliðir sjóðstreymi				-6	
Áhrif á rekstur	445	-1.490	645	355	1.690
Áhrif á sjóðstreymi	445	-450	645	-91	

Næmni helstu liða A-hluta fyrir 1%-stigs fráviki í forsendum og áhrif á rekstur og sjóðstreymi

Sjá má að tiltölulega lítil frávik frá forsendum áætlunarinnar geta í sumum tilfellum haft talsverð áhrif á rekstrarreikning og sjóðstreymi A-hluta. Sérstök athygli er vakin á áhrifum verðbólgu á annars vegar rekstur og hins vegar sjóðstreymi. Með aukinni verðbólgu lækkar lífeyrisskuldbinding borgarinnar sem hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðuna en neikvæð áhrif á sjóðstreymi. Lífeyrisskuldbindingin eykst ef HFF34-skuldabréfakrafan lækkar vegna skuldabréfa í eigu LsRb sem bera breytilega vexti sem taka mið af henni. Hækkun launa, bæði á almennum og opinberum markaði, hefur mikil áhrif á rekstur og sjóðstreymi borgarinnar í formi útsvars, launakostnaðar og lífeyrisskuldbindingar. Ef laun opinberra starfsmanna hækka umfram laun á almennum vinnumarkaði getur launakostnaður borgarinnar vaxið umfram vöxt útsvarstekna. Að auki hækkar lífeyrisskuldbindingin eftir því sem laun opinberra starfsmanna hækka með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á rekstrarreikning A-hluta.

SVIÐSMYND – SAMDRÁTTUR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Sett er upp einföld sviðsmynd þar sem skoðuð eru áhrif helstu áhættuþátta á rekstur og sjóðstreymi A-hluta en í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir nokkuð breyttum forsendum miðað við forsendur fjárhagsáætlunar vegna samdráttar í ferðaþjónustu í kjölfar falls WOW Air.

Forsendur sviðsmyndarinnar taka mið af niðurstöðum sviðsmyndagreininga sem starfshópur á vegum stjórnvalda vann í lok sumars 2018 og nýlegrar greiningar Reykjavík Economics og Arion banka um sama mál. Í þeim er gert ráð fyrir rúmlega 10-20% fækkun ferðamanna og að landsframléiðsla dragist í versta falli saman um 3% með tilheyrandi aukningu verðbólgu og gengisveikingu. Þess má geta að matsfyrirtækið Moody's gaf nýlega út minnisblað með heldur bjartari horfum en hér er tekið mið af, t.a.m. gerir fyrirtækið ráð fyrir um 2-3% hagvexti og að aðilar á flugmarkaði fylli að miklu leyti upp í skarðið sem WOW air skilur eftir sig. Í þessari sviðsmynd er hins vegar ekki gert ráð fyrir að nýir aðilar fylli fljótt upp í sætaframboð WOW Air sem tapast heldur komi þónokkuð högg á hagkerfið.

Taflan hér að neðan sýnir forsendur sviðsmyndarinnar. Gengisveikingin hefur ekki bein áhrif á A-hluta vegna þess að öll lán eru í íslenskum krónum en hefur hins vegar óbein áhrif í gegnum hækkun á verðlagi og eykur einnig skuldbindingu Reykjavíkurborgar vegna ábyrgðar á erlendum lánnum Orkuveitu Reykjavíkur.

Samdráttur í ferðaþjónustu					
	2019	2020	2021	2022	2023
Vísitala neysluverðs	5,9%	3,5%	2,6%	2,6%	2,5%
Launavísitala	6,0%	4,4%	4,2%	4,2%	4,1%
Vinnumagn	-1,5%	1,1%	1,1%	2,1%	2,1%
Launavísitala borgar	6,0%	4,4%	4,2%	4,2%	4,1%
HFF34	1,55%	1,60%	1,85%	2,00%	2,24%
Arður af dótturfélögum (% af áætlun)	50%	50%	100%	100%	100%
Fasteignamat íbúðarhúsnæðis (verð)	0,0%	3,7%	1,0%	2,0%	3,0%
Fasteignamat atvinnuhúsnæðis (verð)	0,0%	6,0%	-5,0%	-5,0%	5,0%
Magnaukning nýrra fermetra (% af áætlun)	90,0%	75,0%	75,0%	100,0%	100,0%
Sala eigna og bygg.réttar og gatnag.gjöld (% af áætlun)	90,0%	75,0%	75,0%	100,0%	100,0%
Gengisvísitala (hækkun=veiking)	8,0%	5,0%	0,0%	-2,5%	-2,5%

Helstu forsendur sviðsmyndar

Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir að talsverður samdráttur verði þegar á árinu 2019, að verðbólga aukist fyrstu tvö árin miðað við forsendur fjárhagsáætlunar en nálgast síðan markmið Seðlabanka Íslands seinni hluta fimm ára áætlunartímabilsins. Gert er ráð fyrir að vinnumagn minnki um 1,5% fyrsta árið en taki svo að aukast að nýju og nálgist svo langtímameðaltal síðustu tvö árin. Dregið hefur úr óvissu á almennum vinnumarkaði með hinum svokölluðu Lífskjarasamningum 2019-2023, en í ljósi samdráttarins væri eðlilegt að gera ráð fyrir að aðrir kjarasamningar og launahækkanir verði innan marka og er launavísitala þess vegna látin fylgja þjóðhagsspa og forsendum fjárhagsáætlunar enda ekki talið að þær forsendur raskist um of.

Krafan á HFF34-skuldabréfaflokknum hefur bein áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar í gegnum breytingu á lífeyrisskuldbindingunni. Hún hefur farið lækkandi að undanförunu og er komin langt undir það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir að hún haldist frekar lág vegna mikillar verðbólgu og þar af leiðandi eftirspurnar eftir öruggum verðtryggðum skuldabréfum.

Áhrif á Orkuveitu Reykjavíkur geta orðið töluverð í gegnum verðbólgu og gengisveikingu. OR er með mikið af lánum sem bera eigendaábyrgð, sem bæði eru í verðtryggðum krónum og í erlendri mynt. Samkvæmt árslokastöðu 2018 námu lán OR með eigendaábyrgð 94,7 ma.kr. en þar af námu erlend lán 80,1 ma.kr. og verðtryggð lán í krónum 14,6 ma.kr. Því ber að hafa í huga að aukin verðbólga og veiking gengis hefur bein áhrif á skuldbindingu Reykjavíkurborgar vegna OR og afborganir og vaxtagreiðslur félagsins af þeim skuldbindingum. Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir lægri arðgreiðslu frá OR fyrstu tvö árin af tímabilinu sem skýrist af hærri verðbólgu og gengisveikingu með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á rekstur OR.


Með fækkun ferðamanna, auknu framboði á húsnæði auk minnkandi eftirspurnar vegna hás fasteignaverðs er gert ráð fyrir að íbúðaverð hækki mun minna en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Áhrifin á verð á atvinnuhúsnæði eru mun meiri enda hefur samdráttur í ferðaþjónustu bein áhrif á hótél- og gistirými, veitingastaði og verslunarhúsnæði. Gert er ráð fyrir að verð á atvinnuhúsnæði – og þar með fasteignamat – verði í takt við áætlun fyrsta árið en fari svo lækkandi, um u.þ.b. 10% yfir tveggja ára tímabil. Auk þess er gert ráð fyrir að magnaukning nýrra fermetra í fasteignamati minnki nokkuð miðað við áætlun vegna samdráttar í efnahagslífinu sem og tekjur af sölu eigna, byggingarréttar og gatnagerðargjalda.

Taflan hér að neðan sýnir muninn á helstu forsendum sviðsmyndar og fjárhagsáætlunar. Grænar örvar tákna að frávik á forsendum sviðsmyndar eru jákvæð í prósentustigum, þ.e. meiri heldur en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Rauðar örvar tákna að frávik forsenda sviðsmyndar eru undir forsendum fjárhagsáætlunar en gular tákna enga breytingu.

Samdráttur í ferðapjónustu - í samanburði við fjárhagsáætlun					
	2019	2020	2021	2022	2023
Vísitala neysluverðs	↑ 2,1%	↑ 0,8%	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%
Launavísitala	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%
Vinnumagn	↓ -2,6%	→ 0,0%	→ 0,0%	↑ 1,0%	↑ 1,2%
Launavísitala borgar	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%
HFF34	↓ -0,3%	↓ -0,3%	→ 0,0%	↑ 0,2%	↑ 0,4%
Arður af dótturfélögum, hlutfall af áætlun	↓ -50,0%	↓ -50,0%	→ 0,0%	→ 0,0%	→ 0,0%
Fasteignamat íbúðarhúsnæðis (verð)	→ 0,0%	↓ -2,3%	↓ -3,4%	↓ -2,2%	↓ -1,2%
Fasteignamat atvinnuhúsnæðis (verð)	→ 0,0%	→ 0,0%	↓ -9,4%	↓ -9,2%	↑ 0,8%
Magnaukning nýrra fermetra (% af áætlun)	↓ -10,0%	↓ -25,0%	↓ -25,0%	→ 0,0%	→ 0,0%
Sala eigna og bygg.réttar og gatnag.gjöld (% af áætlun)	↓ -10,0%	↓ -25,0%	↓ -25,0%	→ 0,0%	→ 0,0%
Gengisvísitala (hækkun=veiking)	↑ 7,7%	↑ 5,0%	→ 0,0%	↓ -2,5%	↓ -2,5%

Forsendur sviðsmyndar í samanburði við forsendur fjárhagsáætlunar


Til fróðleiks sýnir myndin hér að neðan áhrif tapaðra starfa í ferðapjónustunni á útsvarstekjur á 12 mánaða tímabili. Tekið er tillit til útsvarsgreiðslna sem berast vegna atvinnuleysisbóta þeirra sem missa starf sitt. Sem dæmi eru meðallaun neðstu fjórðungsmarkanna í launakönnun VR 2018 um 500 þ.kr. Tapist 1000 störf á þeim kjörum lækka útsvarstekjur um 306 m.kr. á einu ári, en ef 2000 störf tapast þá lækka útsvarstekjur um -765 m.kr. á ári. Séu laun hins vegar 650 þús.kr. og 2000 störf tapast þá myndu útsvarstekjur lækka um 1.002 m.kr.




Niðurstaða sviðsmyndar

Árið 2019

Rekstrarniðurstaða 2019 í sviðsmyndinni er töluvert lægri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun eða sem nemur 3,3 ma.kr. Fráviknið skýrist einkum af minnkandi vinnumagni sem hefur áhrif til lækkunar á útsvarstekjum. Auk þess hefur aukin verðbólga í sviðsmyndinni einnig afar neikvæð áhrif á fjármagnsliði vegna verðbóta og svo eru arðgreiðslur lægri. Myndin hér að neðan sýnir hvernig rekstrarniðurstaða sviðsmyndar breytist miðað við áætlun árið 2019.




Í sviðsmyndinni helst sjóðstaðan árið 2019 jákvæð en er þó töluvert undir því sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun eða sem nemur 3,9 ma.kr. Samkvæmt drögum að ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 má benda á að útlit er fyrir að handbært fé verði talsvert meira heldur en í útkomuspá 2018 sem var til grundvallar fjárhagsáætlun 2019-2023.



Árin 2019-2023

Þegar horft er út áætlunartímabilið í sviðsmyndinni versnar staðan talsvert vegna minnkandi tekna af útsvari, fasteignagjöldum og sölu byggingarréttar og gatnagerðargjalda. Íbúðarhúsnæði hækkar mun hægar en í fjárhagsáætlun og verð á atvinnuhúsnæði lækkar á tímabilinu. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir hækkunum í takt við launavísitölu fyrra árs. Eftirfarandi mynd sýnir bæði rekstrarniðurstöðu og handbært fé A-hluta í sviðsmynd og fjárhagsáætlun út áætlunartímabilið.



Samanburður á rekstrarniðurstöðu og sjóðstöðu sviðsmyndar og áætlunar

Á myndinni sést að rekstrarniðurstaðan versnar mikið strax á fyrsta ári sviðsmyndarinnar og sjóðstaðan fellur hratt yfir tímabilið og í lokin er handbært fé orðið 35 ma.kr. lægra en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Lokaorð

Af sviðsmyndinni sem hér er sett fram sést að metin efnahagsleg áhrif af falli WOW air geta haft mjög mikil áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar gangi sú mynd eftir. Sjóðstaða borgarsjóðs er sterk en fer hratt lækkandi í sviðsmyndinni en helst þó jákvæð í u.þ.b. eitt og hálf ár eftir að fall WOW air skellur á. Þessi lækkandi sjóðstaða gæti gefið tilefni til aðhaldsaðgerða borgarinnar auk endurskoðunar á fjárfestingaráætlun. Þess ber þó að geta að niðurstöður þeirra aðila sem lagt er til grundvallar hér í þessari sviðsmynd eru háðar mikilli óvissu sem og mat fjármálaskrifstofu á afleiddum áhrifum af þeim á rekstur Reykjavíkurborgar. Óvíst er hvort og hversu hratt aðrir aðilar muni koma inn á flugmarkað og fylla í skarð WOW air sem og hversu mikið aðrar atvinnugreinar geta tekið við því vinnuafli sem tapast í ferðaþjónustu. Að auki eru almennt taldar einhverjar líkur á því að Seðlabankinn grípi í taumana og lækki vexti og örvi þar með hagvöxt.